

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/10/58

frá 17. september 2014

um viðurkenningu á Universal Feed Assurance Scheme til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt

(2014/667/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 7. gr. c,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB <sup>(2)</sup>, einkum 6. mgr. 18. gr.,

að höfðu samráði við nefndina um sjálfbærni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Mælt er fyrir um viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti í tilskipun 98/70/EB og 2009/28/EB. Ákvæði 7. gr. b, 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og IV. viðauka við hana eru svipuð ákvæðum 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og V. viðauka við hana.
- 2) Þegar telja skal lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, ættu aðildarríkin að krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.
- 3) Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, skal aðildarríki ekki krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.
- 4) Beiðni um að viðurkenna að áætlunin „Universal Feed Assurance Scheme“ sýni fram á að lífoldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem settar eru fram í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, var fyrst lögð fyrir framkvæmdastjórnina 16. maí 2011. Uppfærð útgáfa af áætluninni var lögð fram 7. febrúar 2014. Áætlunin er notuð í Bretlandi og getur náð yfir innihaldsefni í fôður og fôðurlöndur sem og nytjaplöntur sem eru uppskornar með þreskivél. Áætlunin nær yfir viðskipta-, flutninga- og geymslustig landbúnaðarhárfæmis, frá býli til fyrsta vinnsluáðila, og að því er varðar önnur stig er treyst á aðrar valfrjálsar áætlanir sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt. Ábyrgðin á því að tryggja að viðurkenningin, sem framkvæmdastjórnin gefur út varðandi þessar áætlanir sem hún starfar sameiginlega að, sé í gildi meðan samstarfið varir fellur því undir áætlunina „Universal Feed Assurance Scheme“. Gera ætti viðurkenndu áætlunina aðgengilega á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.
- 5) Mat á áætluninni „Universal Feed Assurance Scheme“ sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti til allra viðmiðananna um sjálfbærni samkvæmt tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, að undanskildum 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB. Hún veitir þó nákvæm gögn um þætti sem krafist er af rekstraraðilum á síðari stigum í aðfangakeðjunni til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum 7. gr. b (2. mgr.) í tilskipun 98/70/EB og 17. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2009/28/EB og beitir massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur 7. gr. c (1. mgr.) í tilskipun 98/70/EB og 18. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2009/28/EB.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 276, 18.9.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

- 6) Við mat á áætluninni „Universal Feed Assurance Scheme“ reyndist hún uppfylla viðeigandi staðla um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun.
- 7) Áætlunin „Universal Feed Assurance Scheme“ var metin á grundvelli gildandi löggjafar á þeim tíma sem þessi ákvörðun var samþykkt. Ef gerðar eru breytingar á lagagrundvellingnum sem skipta máli leggur framkvæmdastjórnin mat á áætlunina með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.
- 8) Ef gerðar eru breytingar á áætluninni leggur framkvæmdastjórnin mat á áætlunina með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Áætlunin „Universal Feed Assurance Scheme“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 7. febrúar 2014, sýnir að lífoldsneytissendingar uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og sett er fram í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Áætlunin notar nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB að því marki að hún tryggir að allar viðeigandi upplýsingar frá rekstraraðilum á fyrri stigum í aðfangakeðjunni séu yfirfærðar til rekstraraðila á síðari stigum í aðfangakeðjunni.

Heimilt er að nota áætlunina til að sýna fram á að ákvæði 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB hafi verið uppfyllt að fyrsta vinnsluaðila hráefnanna.

##### 2. gr.

Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eftir samþykkt á þessari ákvörðun, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

Ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun og ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta getur framkvæmdastjórnin fellt þessa ákvörðun úr gildi.

##### 3. gr.

Þessi ákvörðun gildir í fimm ár.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 17. september 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*